

Reglur Garðabæjar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

I. kafli

Almennt um stuðning við fatlað fólk

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Í 3. gr. laganna kemur fram að reynist þörf fatlaðs fólks fyrir þjónustu meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögnum. Þjónustan sem lög nr. 38/2018 kveða á um kemur til viðbótar við þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Að jafnaði skal nýta almenna þjónustu samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, áður en stuðningur samkvæmt reglum þessum kemur til. Öll þjónusta til fatlaðs fólks skal vera samfelld og samþætt í þágu einstakra notenda.

Í reglum þessum eru hugtökin stuðningur og stoðþjónusta notuð samhliða yfir stoðþjónustu sbr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Um notendastýrða persónulega aðstoð vísast til reglna um notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk í Garðabæ.

2. gr.

Markmið

Markmið stoðþjónustu samkvæmt reglum þessum er að veita fötluðu fólki stuðning til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum, sbr. 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Markmiðið er að styðja notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, verið sjálfstæð og félagslega virk. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem fatlað fólk setur sér til að ráða við daglegt líf og með það að leiðarljósi að valdefla fólk til þátttöku í samfélaginu.

3. gr.

Stuðningur

Stoðþjónusta er til handa fötluðu fólki sem býr á eigin heimili og þarf stuðning vegna skertrar getu og langvarandi stuðningsþarfa þar sem stuðningsþörfum verður ekki fullnægt innan almennrar þjónustu. Um er að ræða margháttadan stuðning sem byggist meðal annars á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess. Stoðþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt samkvæmt mati velferðarsviðs Garðabæjar á stuðningsþörf umsækjanda.

Með stuðningi í reglum þessum er átt við eftirfarandi þjónustupætti:

- a) *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, svo sem við að klæðast/hátta, eftirlit með persónulegu hreinlæti, næringu og lyfjainntöku.
- b) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili þjónustuþega svo hann geti búið heima, sem aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir. Aðstoð við almenn heimilisþrif takmarkast við þau herbergi sem eru í daglegri notkun þjónustuþega. Auk þess er veittur stuðningur við nýta velferðartækni sem auðveldar þjónustuþega heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c) *Félagslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja þjónustuþega til félagslegrar þátttöku. Stuðningur getur einnig verið veittur til að létta álagi af heimili vegna sérstakra aðstæðna.

Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Þjónustuþegi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er. Geti þjónustuþegi ekki verið til staðar getur stuðningur við heimilishald farið fram með samþykki hans.

Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir opinberir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning, svo sem heimahjúkrun.

Einstaklingur sem metinn hefur verið í þörf fyrir stoðþjónustu getur sótt um að gera notendasamning þar sem fjallað er um framkvæmd þjónustunnar. Um notendasamninga gilda reglur Garðabæjar um notendasamninga.

II. kafli

Skilyrði fyrir stoðþjónustu

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stoðþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum:

- a) Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef einstaklingur er yngri en 18 ára vísast til reglna Garðabæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- b) Umsækjandi skal eiga lögheimili í Garðabæ þegar sótt er um. Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Garðabæjar getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi eigi lögheimili í Garðabæ þegar stuðningur hefst.
- c) Umsækjandi skal teljast fatlaður einstaklingur í skilningi 2. tölul. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Einstaklingur sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um stuðning samkvæmt reglum þessum getur átt rétt á þjónustu ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.
- d) Umsækjandi skal búa á eigin heimili. Einstaklingar sem búa í sértæku húsnæðisúrræði á vegum sveitarfélagsins, á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum. Fatlað fólk, sem er yngra en 67 ára, og býr á hjúkrunarheimili eða stofnun, þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, getur þó sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum þegar sérstakar og veigamiklar ástæður eru til staðar.
- e) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðning samkvæmt 7. gr. reglna þessara.
- f) Umsækjandi skal hafa fullnýtt þjónustu samkvæmt reglum Garðabæjar um stuðningsþjónustu.

III. kafli

Umsóknir og mat

5. gr.

Umsókn

Umsókn um stoðþjónustu er aðgengileg í þjónustugátt á vefsíðu Garðabæjar og í þjónustuveri Garðabæjar. Umsókn skal undirrituð eða staðfest með rafrænum skilríkjum af hálfu umsækjanda.

Einnig geta beiðnir um stoðþjónustu borist rafrænt frá starfsfólki heilbrigðisþjónustu með samþykki umsækjanda.

Uppfylli umsókn skilyrði 4. gr. skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda.

6. gr.

Fylgigögn með umsókn og upplýsingaöflun

Við undirritun umsóknar er umsækjandi upplýstur um heimild velferðarsviðs til að afla gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir. Heimilt er að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum og/eða gögnum frá umsækjanda og öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur. Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a) Sjálfsmat umsækjanda á eigin færni.
- b) Örorkumat eða umönnunarmat.
- c) Viðurkenndar og samræmdar matsaðferðir, s.s. SIS.
- d) Staðfesting á fötlun, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

7. gr.

Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og tekur mið af þörfum hans fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun hans. Mat á stuðningsþörf fer alla jafna fram á heimili umsækjanda eða á öðrum vettvangi í samráði við umsækjanda. Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar en geta einnig tekið mið af þörfum fjölskyldu umsækjanda, þ.m.t. vegna umönnunar og uppeldis barna umsækjanda.

Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að styðja umsækjanda til að leita sem bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs. Við forgangsröðun umsókna skal líta til flokkunar á fylgiskjali II með reglum þessum.

Við mat á stuðningsþörf og við forgangsröðun umsókna skal litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- a) Þarfa umsækjanda fyrir stuðning.

- b) Færni/getu og styrkleika.
- c) Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- d) Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- e) Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- f) Annars veitts stuðnings.

Vísað er til matsviðmiða og forgangsröðunar á fylgiskjölum I og II með reglum þessum.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á afgreiðslufundi velferðarsviðs þar sem tekin er ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er. Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið.

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar umsókn um stoðþjónustu hefur verið samþykkt á afgreiðslufundi er gerð stuðningsáætlun eða einstaklingsbundinn þjónustuáætlun, þegar við á og stuðningur getur hafist.

Stuðningur skal metinn, skiplagður og samhæfður með fagaðilum heilbrigðisþjónustu í samræmi við þarfir umsækjanda, þegar við á.

Sé niðurstaða mats á stuðningsþörf sú að aðstæður umsækjanda séu með þeim hætti að ekki sé þörf á stuðningi samkvæmt reglum þessum ber að synja umsókninni.

8. gr.

Forgangsröðun umsókna

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara skal umsókn metin á grundvelli þeirra matsviðmiða sem tilgreind eru í 7. gr. og á fylgiskjali I með reglum þessum. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsröð á grundvelli viðmiða sem tilgreind eru á fylgiskjali II með reglum þessum. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur verði veittur.

Ef fyrirséð er að stuðningur geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1035/2018 um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu.

9. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir áætlun um framkvæmd stuðnings sem skal vera í eðlilegu samhengi við aðra þjónustu sem veitt er, eftir því sem við á hverju sinni. Stuðningurinn skal byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn reglulega. Tryggja skal að þjónustuþegi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

Í áætlun skal að lágmarki koma fram:

- a) Markmið með stuðningi og hvernig þeim skuli náð.
- b) Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
- c) Gildistími áætlunar.
- d) Umfang stuðnings.
- e) Samkomulag um notkun starfsmanna á húslyklum þjónustuþega.

IV. kafli

Framkvæmd

10. gr.

Tími og umfang stuðnings

Að jafnaði er stuðningur samkvæmt reglum þessum veittur milli kl. 08:00 og 23:00. Komi fram beiðni frá þjónustuþega um stuðning utan þess tíma vegna sérstakra ástæðna, er reynt að verða við slíkri beiðni ef hægt er, enda mæli gild rök með því.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stoðþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda klukkustunda í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum.

11. gr.

Vinnuaðstæður

Aðstæður á heimili þjónustuþega skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og að góður aðbúnaður sé tryggður.

Starfsmaður skal hafa aðgang að þeim búnaði sem nauðsynlegur er svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi.

Ætlast er til að gagnkvæm virðing sé sýnd á meðan þjónustan fer fram. Vinna starfsmanna í stuðningsþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf þjónustuþegi eða umbjóðandi hans að tryggja að aðstæður séu þannig að áðurnefndum atriðum sé fullnægt.

Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að aðbúnaði og/eða öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna dýrahalds, óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir og getur þurft að fresta stuðningi á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar. Heimilt er að fella niður þjónustuna þar til viðeigandi lausn finnst.

Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum þjónustuþega og skal þjónustuþegi ekki reykja á meðan starfsmenn eru inni á heimilinu. Sama á við um notkun á rafrettum.

12. gr.

Breyttar aðstæður og endurmat

Þjónustuþega, eða eftir atvikum aðstandendum, lögráðamanni eða persónulegum talsmanni, ber að upplýsa velferðarsvið um breytingar á högum þjónustuþega sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða stuðningsþörf og áætlun um framkvæmd stuðnings.

Ef færni þjónustuþega til að sinna athöfnum daglegs lífs eða félags- og fjölskylduaðstæður breytist skal endurmeta stuðningsþörf. Að jafnaði er stuðningsþörf metin árlega og viðeigandi breytingar gerðar eða stuðningi lokið.

Leitast skal við að meta og skrá árangur stoðþjónustu með reglubundnum hætti.

13. gr.
Kostnaður og ferðir

Þegar stuðningur er veittur í tengslum við félagslega þátttöku ber viðkomandi þjónustuþega að greiða fyrir sjálfan sig þann kostnað sem þar fellur til. Velferðarsvið endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað hans sem tengdur skal þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni og í samræmi við vilja þjónustuþega. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni sem ákveðin er af Garðabæ.

Að meginstefnu skal nota almenningssamgöngur þegar stoðþjónusta er veitt utan heimilis.

14. gr.
Lykjanotkun

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili þjónustuþega skal lykill vera á starfsstöð þjónustuveitanda. Kveðið skal á um lykjanotkun í stuðningsáætlun og haldin skal skrá yfir notkun lykilsins.

V. kafli.
Málsmeðferð

15. gr.
Lagagrundvöllur málsmeðferðar

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

16. gr.
Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

17. gr.
Málshraði

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef velferðarsviði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Taka skal ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

18. gr.
Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal umsækjanda veitt ráðgjöf ef þörf er á sem og upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Einnig skal upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

19. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

20. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stoðþjónustu er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það synjun umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

21. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum.

Þjónustuþegi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.

22. gr.

Endurskoðun á þjónustu

Rétt til stoðþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort þjónustuþegi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum þjónustuþega og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans til þjónustu og umfang hennar.

23. gr.

Heimildir til ákvarðana

Sviðsstjóri velferðarsviðs eða starfsmenn velferðarsviðs í umboði sviðsstjóra taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum.

24. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu á afgreiðslu umsóknar með tryggilegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til

viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun ef ákvörðuninni fylgdi ekki rökstuðningur.

25. gr.

Endurskoðun ákvörðunar

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og getur umsækjandi skotið ákvörðun velferðarsviðs til velferðarráðs Garðabæjar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Um leið skal honum kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun um afgreiðslu hennar svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs skal kynnt umsækjanda skriflega og kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.

26. gr.

Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarsviðs eða velferðarráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að hún var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til velferðarsviðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjarráð.

27. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun samkvæmt reglum þessum til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun.

28. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi með samþykki bæjarstjórnar.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

16. nóvember 2023

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

Fylgiskjal I

Mat á stuðningsþörf samkvæmt reglum Garðabæjar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Við mat á stuðningsþörf skal m.a. horft til eftirfarandi atriða og við lok mats skal tekin saman niðurstaða ráðgjafa velferðarsviðs, eftir því sem við á:

1. Félagslegar aðstæður

- a. Fjölskylduaðstæður/nánasta tengslanet
- b. Heimilisaðstæður
- c. Annað sem snýr að félagslegum aðstæðum
- d. Önnur þjónusta sem viðkomandi nýtur

2. Samfélagsleg þátttaka og virkni

- a. Atvinna/Nám
- b. Tólmstundir/áhugamál/félagsstarf
- c. Annað sem snýr að samfélagslegri þátttöku og virkni

3. Félagsleg færni

- a. Samskiptafærni
- b. Ákvörðunartaka
- c. Annað sem snýr að félagslegri færni

4. Styrkleikar

- a. Styrkleikar umsækjanda

5. Athafnir daglegs lífs

- a. Daglegar athafnir
- b. Svefn
- c. Næring
- d. Persónulegt hreinlæti
- e. Heimilishald
- f. Hjálpartæki
- g. Annað sem snýr að athöfnum daglegs lífs

6. Heilsa

- a. Andleg heilsa
- b. Líkamleg heilsa
- c. Lyf
- d. Óþol/ofnæmi
- e. Annað sem snýr að heilsu

7. Hegðun

- a. Hegðunarvandi
- b. Ofbeldi
- c. Sjálfskaðandi hegðun
- d. Fíknivandi
- e. Annað sem snýr að hegðun

Hvert og eitt atriði er metið sérstaklega með tilliti til stöðu í dag, stuðningsþarfar og núverandi stuðnings, hvort sem hann er veittur af velferðarsviði Garðabæjar eða öðrum aðilum.

Fylgiskjal II

Forgangsröðun samkvæmt reglum Garðabæjar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Við mat á forgangi er byggt á eftirfarandi matsviðmiðum og litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- a) Færni, getu og heilsufars
- b) Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
- c) Samfélagsþátttöku og virkni
- d) Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hefur fyrir umsækjanda
- e) Annars stuðnings sem viðkomandi nýtur

Flokkur 1 – Mjög mikil stuðningsþörf

Þjónusta hefst eins fljótt og unnt er og hefur forgang. Má ekki falla niður.

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að veita þarf stuðning eins fljótt og unnt er, ýmist vegna langvarandi stuðningsþarfa eða þegar einstaklingi er hætta búin, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp.

Forsendur:

Þau sem þurfa nauðsynlega daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og/eða félagslegan stuðning.

Þau sem þurfa aðstoð og eftirlit með inntöku lyfja.

Flokkur 2 – Mikil stuðningsþörf

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að óæskilegt er að töf verði á veitingu stuðnings eða grípa þarf inn í aðstæður sem fyrst í forvarnarskygni. Viðeigandi stuðningur getur verið til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum.

Forsendur:

Þau sem þurfa á reglulegri þjónustu að halda.

Þau sem þurfa eftirlit, aðstoð og mikla hvatningu við athafnir daglegs lífs eða heimilishald.

Þau sem eru félagslega einangruð.

Flokkur 3 – Meðal stuðningsþörf

Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Ekki er æskilegt að þjónustan falli niður. Einstaklingur þarf stuðning við heimilishald og/eða er í þörf fyrir félagslegan stuðning, innan eða utan heimilis vegna félagslegrar einangrunar eða í forvarnarskygni. Markmiðið er að styðja þjónustuþega til sjálfshjálpar og félagslegrar þátttöku. Einnig getur markmið þjónustunnar verið að létta álagi af aðstandendum.

Forsendur:

Þeir sem þurfa aðstoð, hvatningu og félagslegan stuðning.

Þeir sem þurfa aðeins aðstoð við heimilishald.

Flokkur 4 – Væg stuðningsþörf

Bið getur orðið á að þjónusta hefjist. Þjónusta getur fallið niður. Aðstæður einstaklings eru ekki með þeim hætti að veita þurfi stuðninginn strax, m.a. með hliðsjón af félagslegum aðstæðum og öðrum veittum stuðningi. Töf á veitingu stuðnings hefur óverulegar afleiðingar.

Forsendur:

Þau sem eru sjálfbjarga og félagslega vel sett en þurfa leiðbeiningar, þjálfun eða stuðning.

Þau sem eingöngu þurfa aðstoð við heimilisþrif eða óverulegan félagslegan stuðning.